

54. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, Végarði 05.01 2010, kl.13.30

Mættir voru allir aðalmenn sveitarstjórnar. Oddviti setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. Skýrsla oddvita
2. Skógarorka ehf
3. Samningur um Hallormsstaðaskóla
4. Vegagerðin, verklagsreglur 2010
5. Fjárbeiðnir
 - a) Skriðuklaustursrannsóknir
 - b) Klúbburinn Geysir
6. Fjárhagsáætlun Hallormsstaðaskóla 2010
7. Fjárhagsáætlun Félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs 2010
8. Fjárhagsáætlun Brunavarna á Héraði 2010 og fundargerð stjórnar 11.11
9. Fjárhagsáætlun Fljótsdalshrepps 2010, önnur umræða
10. Jarðhitaleit í Fljótsdalshreppi/ skýrsla Jóns Benjamínssonar, nóv 2009
11. Önnur mál.

1. Skýrsla oddvita. Oddviti sat fund samstarfshóps SSA um sameiningu sveitarfélaga á Austurlandi 14. des. Einnig kynningarfund ráðherra sveitarstjórnarmála um sameiningaráttak ráðuneytisins sem haldinn var sama dag á Egilsstöðum.

Samningur við Vegagerðina vegna framkvæmda á vegum í Fljótsdal 2009-2010 var frágenginn og undirskrifaður 22. desember. Framkvæmdir sem fóru fram 2009 voru alls 6,83 km , einnig var lagt klæðningarlag á 11 plön. Eftir er að leggja síðara klæðningarlag á vegi og plön. Á árinu 2010 er stefnt að því að vegur frá Langhúsamelum að Glúmsstöðum 2 verði endurbættur, ásamt heimreiðum að Glúmsstöðum 1 og 2 ásamt bæjarplönnum og gerð verði ný heimreið á Skriðuklaustri vegna byggingar Gestastofu Vatnajökulspjóðgarðs, alls 5,13 km.

Skömmu fyrir jól lét Vegagerðin fleyga úr vegrás í Illhöfða. Aðgerðin var gerð í þeim tilgangi að minnka svell og afla grjóts til varnar vegum við ár.

Ritstjóri Austurgluggans fór fram á að forsvarsmenn sveitarfélaga á svæðinu rituðu smá pistla í blaðið í tilefni af útkomu jólablaðs Austurgluggans.

Samkvæmt skýrslu um refa –og minkaveiðar í Fljótsdalshreppi sem tekin var saman af oddvita til Veiðistjóra var kostnaður við veiðar fyrir veiðitímabilið 1/9 2008 til 31/8 2009 alls kr. 1.321.644,- þar af var greiddur vsk. kr. 259.355,-. Unnin voru 7 greni, þar af 3 ný. Unnin grendýr voru 7 og 31 yrðlingur. Unnir hlauparefir voru 31 og minkar 5. Endurgreiðsla ríkisins á kostnaði sveitarfélagsins er kr. 154.038,-. Eins og sjá má greiðir Fljótsdalshreppur talsvert hærri upphæð til ríkisins í formi vsk. heldur en endurgreiðsla ríkisins vegna veiðanna nemur.

Samkeppniseftirlitið hefur gefið 2 álit:

Nr. 3/2009- Skipulag, lóðaðhlutanir og samkeppni.

Nr. 4/2009- Opinber útboð, samkeppni og samkeppnishindranir.

Mælst er til þess að efni álitanna sé kynnt þeim aðilum á vegum sveitarfélagsins sem annast skipulagsmál og lóðaðhlutanir, jafnframt eru sveitarfélög hvött til að beita útboðum við kaup á vörum og þjónustu.

Álitin eru aðgengileg á heimsíðu Samkeppniseftirlitsins, www.samkeppni.is

Félags-og tryggingarmálaráðuneytið hefur uppfært grunnfjárhæð vegna fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga og birt fjárhæðir í leiðbeiningum ráðuneytisins. Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar til einstaklings hækkar um 8,63% er er kr. 125.540,-. Aðrar grunnfjárhæðir hækka um sama hlutfall.

Landsvirkjun hefur sent skýslu LV-2009/121 Gróðurvöktun á Fljótsdalsheiði með notkun gervitunlamynda og gróðurreita.

Varasjóður húsnæðismála hefur minnt á að samkomulag ríkis-og sveitarfélaga um framlög í sjóðinn falli úr gildi um áramóti 2009-2010 og verða í framhaldinu ekki greidd framlög til sveitarfélaga nema samkomulagið verði framlengt.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga hvetur sveitarstjórnir til þess að ræða og hefja sem fyrst undirbúning að myndun þjónustusvæða vegna flutnings á þjónustu fatlaðra frá ríkinu til sveitarfélaga. Á svæði SSA hefur verkefnishópur fulltrúa sveitarfélaganna þegar verið skipaður og áætlað er að hópurinn komi saman til 1. fundar innan tíðar.

Með vísan til laga nr. 10/2008 óskar Jafnréttisstofa eftir að sveitarfélög afhendi stofnuninni jafnréttisáætlanir sínar, ásamt framkvæmdaáætlun. Fljótsdalshreppur hefur ekki unnið slíka áætlun enn sem komið er, en sveitarstjórn hefur gætt jafnræðis við skipun í nefndir og ráð og kynjahalli ekki verulegur. Það ber þó að hafa í huga að mun fleiri íbúar sveitarfélagsins eru karlkyns en kvenkyns.

Rit sem borist hafa:

- ✓ Kynningarrit Framkvæmdasýslu ríkisins um vistvænar byggingar
- ✓ Skýrsla Landmælinga Íslands um CORINE flokkunarverkefnið og niðurstöður þess.
- ✓ Ársskýrsla Minjasafns Austurlands fyrir árin 2007 og 2008, einnig aðgengileg á heimasíðu Minjasafnsins, www.minjasafn.is
- ✓ Niðurstaða könnunar um innleiðingu laga nr. 90/2008 um leikskóla og laga nr. 91/2008 um grunnskóla.
- ✓ Umhverfissvottað Ísland
- ✓ Ársskýslur Vinnumálastofnunar 2007 og 2008

2. Skógarorka ehf. Skv. álitu lögmanns er sveitarfélaginu ekki heimilt að veita Skógarorku ehf bakábyrgð á láni til félagsins. Samþykkt að veita vilyrði fyrir hlutafjárukningu ef til þess kæmi síðar og þess óskað.

Óskað er eftir við stjórn Skógarorku að kanna hagkvæmni á uppsetningu viðarkyndistöðvar á Skriðuklaustri til kyndingar á staðnum.

3. Samningur um Hallormsstaðaskóla. Fyrir sveitarstjórn liggja drög að nýjum samningi milli Fljótsdalshéraðs og Fljótsdalshrepps um starfrækslu Halormsstaðarskóla, þ.e. grunnskóla, íþróttahúss og sundlaugar.

Helstu breytingar frá fyrri samningi eru að eignaraðild Fljótsdalshrepps færist upp í 50 % með kaupum á 19% hlut Fljótsdalshéraðs af þeim eignum sem tilgreindar eru í 4.gr. samningsins. Aukinn eignarhlutur verður greiddur með viðhaldsfé á tíu árum. Rekstrarkostnaður skólans skiptist jafnt milli sveitarfélaganna. Skipuð verður skólanefnd með tveimur fulltrúum frá hvoru sveitarfélagi.

Sveitarstjórn samþykkir samninginn samhljóða og felur oddvita að ganga frá samningnum.

Samningurinn tekur gildi við undirskrift og er óuppseggjanlegur 2010-2019.

4. Vegagerðin, verklagsreglur 2010. Vegagerði óskar eftir undirritun samnings um framkvæmd vetrarþjónustu á helmingamokstursvegum Fljótsdalshrepps. Oddvita falið að ræða við Vegagerðina um helmingamoksturinn og tilgreindar leiðir.

5. Fjárbeiðnir

c) **Skriðuklaustursrannsóknir.** Beiðni um 3ja millj. kr. fjárstyrk vegna fornleifauppgraftrar á Skriðuklaustri. Hafnað.

d) **Klúbburinn Geysir.** Kynning á klúbbnum Geysi og ósk um fjárstyrk. Hafnað.

6. Fjárhagsáætlun Hallormsstaðaskóla 2010. Hlutur Fljótsdalshrepps í rekstri kr. 40.145.157. Samþykkt.

7. Fjárhagsáætlun Félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs 2010. Hlutur Fljótsdalshrepps kr. 1.463.025. Samþykkt.

8. Fjárhagsáætlun Brunavarna á Héraði 2010 og fundargerð stjórnar 11.11. Áætlaður hlutur Fljótsdalshrepps kr. 709.466. Samþykkt. Fundargerð lögð fram til kynningar.

9. Fjárhagsáætlun Fljótsdalshrepps 2010, önnur umræða.

Samþykkt að greiða leikskólagjöld vegna barna úr Fljótsdal í leikskólanum á Hallormsstað á sama máta og undanfarin ár.

Yfirfarin launakjör nefnda og eftirfarandi ákveðið vegna ársins 2010: Mánaðarlaun sveitarstjórnarmanna kr. 40.000-, ritari kr. 3.300- á fund, einstakar fundarsetur kr. 13.200- viðmið tímakaups kr.1.800- annað óbreytt.

Fjárhagsáætlun 2010 borin upp og samþykkt samhljóða.

Áætlað er að rekstur aðalsjóðs verði neikvæður um 21 millj, rekstrartap á eignasjóði 29,7 millj, og félagslegum íbúðum (B hluti) 1,8 millj. Afskriftir eru áætlaðar kr. 10,3 millj. Rekstarniðurstaða ársins áætluð neikvæð um 52,6 millj. Fjárfestingar eru áætlaðar 78,5 millj.. Stærsta fjárfestingin er bygging fjallaskála við Laugafell, sem framkvæmdir hófust við sl. haust. Eignir eru áætlaðar kr. 644,5 millj. og skuldir 64,4 millj. Afborgun lána

næsta árs 12,8 millj. Áætlað er að handbært fé í árslok 2010 verði 275 millj. Engin lántaka er fyrirhuguð, en rekstrarhalli og fjárfestingar fjármagnaðar af eigin fé.

Helstu niðurstöðutölur: (samantekið A og B)

Tekjur kr. 136.855.000,-

Gjöld kr. 223.148.000,-

Fjármagnsliðir + kr. 33.675.000,-

Rekstarniðurstaða – kr. 52.618.000,-

10. Jarðhitaleit í Fljótsdalshreppi/ skýrsla Jóns Benjamínssonar, nóv 2009.

Fallett og fróðlegt rit um volgrurannsóknir í Fljótsdal og á Fljótsdalsheiði. Skýrslan er fyrsti hluti af þremur. Jón er væntanlegur austur og mun þá verða með kynningu í Végarði á sínum rannsóknum.

11. Önnur mál.

- a) Aðalfundur Barra verður haldinn á Valgerðarstöðum fimmtudaginn 14. janúar kl. 20. Jóhanni falið að fara með umboð sveitarfélagsins á fundinum.
- b) Arkís hefur gert tilboð í hönnunarteikningar og gerð útboðsgagna fyrir Laugafellsskála. Oddvita falið að ræða við Arkís og ath með verkfræðistofu vegna lagna-og burðarþolsteikninga.
- c) Anna Jóna minnti á umræðu um að sveitarstjórn láti endurvinna Melaréttarmynd Vilhjálms Einarssonar og jafnframt verði kannað með annað tiltækt myndefni úr sveitinni, þannig að úr verði heildstæð mynd.
- d) Umræður voru um reiðvegi og áningarhólf og möguleika á að fá fjármuni til slíkra framkvæmda úr reiðvegasjóði í samstarfi við hestamannafélög.
- e) Rætt var um hvernig framkvæmdir við Gistihús standa nú, miðað við að þeim á að vera að lokið 1. mars.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 18.40

Þorvarður ritaði fundargerð

Gunnþórunn Ingólfssdóttir (sign)

Jóhann F. Þórhallsson (sign)

Þorvarður Ingimarsson (sign)

Magnhildur Björnsdóttir (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)